

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 20. maí 2016

Efni: Umsögn Ríkiskaupa frumvarp til laga um opinber innkaup (heildarlög, EES-reglur), 665. mál

Ríkiskaup telja frumvarpið vera mjög þarft og gagnlegt. Íslenska ríkinu ber skylda til að innleiða tilskipanir um opinber innkaup. Ef frumvarpið verður fljótlega að lögum, geta Ríkiskaup og aðrir opinberir aðilar nýtt sér reynslu og leiðbeiningar frá Evrópusambandinu og samstarfsstofnunum í nágrannalöndunum. Ríkiskaup vilja koma að eftirfarandi athugasemdum.

1. Útboð erlendis

Ákvæði 20. gr. frumvarpsins fjallar um innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins og byggist á 39. gr. tilskipunar 2014/24/EU um opinber innkaup.

Ríkiskaup leggja til að heimild til innkaupa í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins í 20. gr. frumvarpsins verði eins þröng og mögulegt er með tilliti til orðalags tilskipunarinnar. Eins og 39. gr. tilskipunarinnar er orðuð er heimilt að takmarka þessa heimild. Í tilskipuninni segir:

Aðildarríki skal ekki meina samningsyfirvöldum sínum að nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar sem staðsett er í öðru aðildarríki.

Að því er varðar miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar, sem er staðsett í öðru aðildarríki en samningsyfirvaldið, geta aðildarríkin þó kosið að kveða á um að samningsyfirvöld þeirra megi einungis nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi eins og hún er skilgreind **annað hvort** í a-lið eða b-lið 14. liðar 1. mgr. 2. gr.

Skilgreiningar þær sem hér um ræðir hljóma svo:

- 14) „miðstýrð innkaupastarfsemi“: viðvarandi starfsemi á einhverju því formi sem hér segir:
- kaup á vöru og/eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld eða
 - gerð opinberra samninga eða rammamarkaða um verk, vöru eða þjónustu fyrir samningsyfirvöld,

Eins og ákvæði 39. gr. tilskipunar er orðuð má velja aðra hvora skilgreininguna. Telja Ríkiskaup heppilegra að heimild til innkaupa erlendis takmarkist við skilgreininguna í a. lið 14. tl. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Umræða hefur verið um það hvort halda skal núgildandi 18. gr. a. í lögum um opinber innkaup óbreyttri og gera að skilyrði að Samkeppniseftirlitið staðfesti



Samkeppnismat áður en heimild er veitt til innkaupa í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Eins og 39. gr. tilskipunarinnar er orðuð er óheimilt að meina sammingsyfirvöldum að nota sér miðstýrða innkaupastarfsemi miðlægrar innkaupastofnunar sem staðsett er í öðru aðildarríki. Það þýðir að ef íslenski löggjafinn heldur ákvæðinu óbreyttu telst hann ekki innleiða tilskipunina rétt.

Til þess að koma til móts við óánægjuraddir vegna heimildar 20. gr. frumvarpsins til að kaupa inn í öðru ríki, leggja Ríkiskaup til að sú heimild verði veitt með því skilyrði að innkaupin fari fram með aðstoð Ríkiskaupa. Þar með hefðu Ríkiskaup bæði umsjón með og yfirsýn yfir slík innkaup fyrir hönd ríkisins. Ákvæðið í heild myndi þá hljóða svo:

20. gr.

Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Kaupanda er heimilt með aðstoð Ríkiskaupa að nota miðstýrða innkaupastarfsemi í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins til að bjóða út innkaup á vöru eða þjónustu sem falla undir lög þessi. Ríkiskaupum er einnig heimilt að bjóða út innkaup, sem falla undir lög þessi, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, eða miðlægar innkaupastofnanir.

Samkeppniseftirlitinu skal tilkynnt um fyrirhuguð innkaup ásamt rökstuðningi fyrir beitingu heimildar skv. 1. mgr. Afhenda skal afrit af samningi í kjölfar útboðs sé óskað eftir því.

Um innkaup sem fara fram á grundvelli þessa ákvæðis gilda reglur viðkomandi ríkis, þar á meðal um kærur, gildi innkaupsákvæðana og skaðabætur.

Að setja það að skilyrði að Ríkiskaup aðstoði við innkaupin er eðlileg ráðstöfun í ljósi þess að íslenskum opinberum aðilum á vegum ríkisins er skylt að leita aðstoðar Ríkiskaupa við innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum. Ríkiskaup þurfa að auki fyrir hönd ríkisins að halda utan um upplýsingar um framkvæmd-útboða sem eru reglulega sendar fjármála- og efnahagsráðuneyti m.a. til úrvinnslu hjá Evrópusambandinu og OECD. Þessi tilhögun auðveldar ríkinu að rækja það hlutverk. Ríkiskaup eru einnig virkur þátttakandi í samstarfi miðlægra innkaupastofnana í Evrópu og geta með auðveldum hætti komið á samstarfi um innkaup. Með þessu móti er ekki verið að meina opinberum aðilum að leita aðstoðar erlendra innkaupastofnana, aðeins verið að setja reglur um með hvaða hætti það skal gerast.

2. Viðmiðunarfjárhæðir

Í 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins er fjallað um samninga sem skipt er upp í hluta og kemur þar fram að heimilt sé að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20 % af samanlagðri heildarfjárhæð allra sammingshluta. Í frumvarpsgreininni er ekkert þak á fjárhæð samninga sem gera má með þessum hætti. Í 10. tl. 5. gr. tilskipunarinnar segir:

Þrátt fyrir 8. og 9. mgr. geta sammingsyfirvöld gert einstaka sammingshluta án þess að beita málsmeðferðum þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ef áætlað verðmæti viðkomandi



samningshluta, án virðisaukaskatts, er minna en 80 000 evrur fyrir vörur eða þjónustu eða 1 milljón evrur fyrir verk. Þó skal samanlagt verðmæti samningshluta, sem þannig eru gerðir án þess að þessari tilskipun sé beitt, ekki fara yfir 20% af samanlögðu verðmæti allra samningshlutanna, sem fyrirhuguðu verki, fyrirhuguðum kaupum á likum vörum eða fyrirhugaðri veitingu þjónustu hefur verið skipt niður í.

Í núgildandi lögum hefur sambærileg heimild verið í 27. gr. OIL en takmörkun á fjárhæð verið í 79. gr. OIL. Þetta hefur valdið misskilningi meðal kaupenda. Lagt er til að vísað verði í 6. tl. 122. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um hámarksverðgildi einstakra samningshluta sem heimilt er að gera án útboðs þegar innkaupum er skipt upp. Greinin myndi þá hljóða svo (breytingartillaga undirstrikuð):

29. gr.

Innkaup sem skipt er upp.

Þegar innkaupum á fyrirhuguðu verki eða þjónustu er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga skal miða við samanlagt virði allra samninganna. Sama á við þegar innkaupum á vöru af svipaðri tegund er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga. Sé samanlagt virði allra samninganna yfir viðmiðunarfjárhæðum skal líta svo á að verðgildi hvers og eins samnings sé einnig yfir viðmiðunarmörkum.

Þegar heildarvirði samninga sem greinir í 1. mgr. er yfir viðmiðunarfjárhæðum er þó heimilt að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð allra samningshluta með þeim fjárhæðartakmörkunum sem kveðið er á um í reglugerð skv. 6. tl. 122. gr.

3. Veitustofnanir og miðlæg innkaupastofnun

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um samninga stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu. Í reglugerðarheimild í lok 2. mgr. er tekið fram hvað skal ákveðið með reglugerð en ekki minnst á miðlæga innkaupastofnun. Þó eru samskonar ákvæði í tilskipun 2014/25/EB um miðlæga innkaupastofnun eins og í tilskipun 2014/24/EB. Ríkiskaup leggja til að ákvæðið hljóði svo (breytingartillaga undirstrikuð):

9. gr.

Samningar aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu.

Ákvæði XI. og XII. kafla gilda um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu sem eru yfir viðmiðunarfjárhæðum reglugerðar sem ráðherra setur um innkaup aðila á þessu sviði. Að öðru leyti taka lög þessi ekki til slíkra innkaupa ef samningar eru gerðir vegna reksturs vatnsveitu, orkuveitu, flutnings eða pósthjónustu.

Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins á sviði opinberra innkaupa samkvæmt samningnum um Evrópska



efnahagssvæðið og öðrum milliríkjasamningum. Í reglugerð skal m.a. kveðið nánar á um hvaða starfsemi fellur þar undir, gildissvið, viðmiðunarfráhæðir, innkaupafærli, þjónustu miðlægrar innkaupastofnunar, útboðsgögn, val á þátttakanda og framkvæmd samnings vegna slíkra innkaupa.

Með þessu móti er ekki verið að skylda veitustofnanir ríkisins til að skipta við Ríkiskaup heldur aðeins verið að halda því opnu að veitustofnanir geti nýtt sér hagkvæma þjónustu miðlægrar innkaupastofnunar.

Virðingarfyllst,

Halldór Ó. Sigurðsson
forstjóri.